

Menntaskólinn við Hamrahlíð FRAN2DD05

Undanfari FRAN1CC05

Áfangalýsing

Í þessum áfanga gefst kostur á að dýpka skilning á menningu viðkomandi tungumálasvæðis. Áfram er unnið með færniþættina fjóra, hlustun, lestur, tal og ritun eftir því sem viðfangsefni gefa tilefni til.

Áfangamarkmið

Skilningur

- a. Hlustun: Nemandi á að: geta fylgt meginþræði í samræðum um málefni sem hann þekkir, geta náð megininntaki í flóknari frásögn en áður.
- b. Lestur: Nemandi á að: geta lesið og skilið almenna texta og greinar sem gerðir eru fyrir erlenda námsmenn á stigi A2 í Evrópurammanum.

Talað mál

- a. Samræður: Nemandi á að: geta fylgst með og tekið þátt í kennslunni á frönsku, geta tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á.
- b. Frásögn: Nemandi á að: geta sagt frá og haldið uppi samræðum um undirbúin viðfangsefni, geta dregið saman aðalatriði úr textum og notað til þess nokkuð fjölbreyttan orðaforða.

Ritun

Nemandi á að: geta lýst eigin upplifun og túlkun á málefnum í rituðu máli og geta skrifað lengri texta en áður.

Námsmat: Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Áfanginn er próflaus.